Lýsigögn

Hagstofa Íslands

Fjöldi lífeyrisþega

1. Tengiliður	
1.1 Tengiliður stofnun	Hagstofa Íslands
1.2 Tengiliður deild	Félagsmálasvið: Laun tekjur og menntun
1.3 Nafn tengiliðar	Björn Grétar Stefánsson / Hildur Erna Sigurðardóttir
1.6 Netfang tengiliðar	laun@hagstofa.is
1.7 Símanúmer tengiliðar	528 1250
2. Lýsigögn uppfærð	
2.3 Lýsigögn síðast uppfærð	25. nóvember 2020
3. Framsetning	
3.1 Lýsing á gögnum	Til að birta upplýsingar um fjölda lífeyrisþega í landinu er notast við upplýsingar frá Tryggingastofnun um þá sem fá greitt úr almannatryggingum og staðgreiðslugögn til að meta þá sem fá greitt úr samtryggingadeildum lífeyrissjóða. Kyn og búseta er m.a. sótt í mannfjöldagögn. Gögn frá Tryggingastofnun taka til elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyri auk örorkustyrks. Um er að ræða ársgögn þar sem búið er að leiðrétta með tilliti til van- og ofgreiðslna. Staðgreiðslugögn byggja á upplýsingum frá Skattinum um uppgjör vegna staðgreiðslu af greiðslum samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Uppgjörið hefur verið auðgað með öðrum upplýsingum á Hagstofunni svo hægt sé að nýta það til hagskýrslugerðar. Mannfjöldagögn byggja á íbúaskrá Þjóðskrár Íslands

Lýsigögn

Hagstofa Íslands

3.2 Flokkunarkerfi	Upplýsingar eru flokkaðar eftir
	- **tegund greiðslu**; elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyrir auk örorkustyrks
	- **tegund greiðenda**; almannatryggingar (Tryggingastofnun) eða samtrygging lífeyrissjóða
	- **búsetu;** hvort greiðsla sé til einstaklinga búsettra erlendis eða á Íslandi
	- **kyni**; karlar og konur
	- **aldri**;
	  - í tilfelli örorku- og endurhæfingarlífeyris auk örorkustyrks er aldursflokkun 18-19 ára, 20-29 ára, 30-39 ára, 40-49 ára, 50-59 ára, 60-64 ára og 65-66 ára
	  - í tilfelli ellilífeyris er aldursflokkunin 60-64 ára, 65-66 ára, 67-69 ára, 70-74 ára og 75 ára og eldri

3.3 Umfang efnis - þekja	Allir elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar auk örorkustyrksþega sem fá greiðslur frá almannatryggingum og samtryggingardeildum lífeyrisþega, án tvítalningar.

3.4 Hagskýrslugerðarhugtök og skilgreiningar

Ellilífeyrisþegi er einstaklingur sem náð hefur 67 ára aldri og fær greiddan lífeyri (skv. lögum um almannatryggingar nr. 100/2007). Sumir einstaklingar hefja töku ellilífeyris fyrir lögbundinn/venjulegan eftirlaunaaldur eins og hann er ákvarðaður í kerfinu sem um ræðir (svo kallaður flýti ellilífeyrisþegi). Til dæmis geta sjómenn hafið töku lífeyris almannatrygginga við 60 ára aldur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum (skv. lögum um almannatryggingar nr. 100/2007) og þá má hefja töku ellilífeyris frá lífeyrissjóðum fyrir 67 ára aldur. Þær reglur geta verið mismunandi eftir sjóðum.

Örorkulífeyrisþegi er einstaklingur sem hefur >75% örorkumat og fær greiddan lífeyri (skv. lögum um almannatryggingar nr. 100/2007).

Endurhæfingarlífeyrisþegi er einstaklingur sem fær greiddan lífeyri tímabundið meðan ekki er séð hvort örorka verður varanleg (skv. lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007).

Örorkustyrkþegi er einstaklingur sem hefur fengið 50-74% örorkumat og fær greiddan örorkustyrk (skv. lögum um almannatryggingar nr. 100/2007).

Ráðstöfunarfé/vasapeningar fá þeir elli- eða örorkulífeyrisþegar sem eru vistmenn á stofnunum. Þ.e. lífeyrir rennur til stofnunar en einstaklingur fær vasapeninga.

Greiðendur lífeyris eru annars vegar Tryggingastofnun (almannatryggingar) og hins vegar lífeyrissjóðir.

Íslenska lífeyriskerfið er þriggja stoða kerfi.
Fyrsta stoðin er almannatryggingar er greitt úr ríkissjóði. Um er að ræða grunnlífeyri sem Tryggingarstofnun sér um að greiða. Fjárhæðin er óháð fyrri tekjum lífeyrisþega en háð núverandi tekjum. Réttindi til lífeyris byggja á tíma búsetu í landinu og í tilfelli örorkulífeyris á bæði tíma búsetu í landinu og örorkumati.
Önnur stoð lífeyriskerfa á Íslandi eru samtryggingardeildir lífeyrissjóða, þ.e. atvinnuþátttöku tengdur lífeyrir sem ræðst af iðgjaldagreiðslum á starfsævinni auk réttindakerfum og afkomu sjóðanna. Skyldubundin aðild allra launþega að lífeyrissjóðum var lögbundin árið 1974 og fyrir alla starfandi í atvinnulífinu (einnig einyrkja og atvinnurekendur) með lögum árið 1980. Í samningum á vinnumarkaði árið 1990 var ákveðið að iðgjöld til lífeyrissjóða skyldu greiðast af öllum launum (áður aðeins af grunnlaunum án yfirvinnu o.s.frv.). Samningar um lífeyrissjóði voru endurnýjaðir í

samningum á vinnumarkaði árið 1995 og má líta á þá samninga sem grundvöll lagasetningar um lífeyrissjóði árið 1997, þ.e. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.
Af 37 lífeyrissjóðum sem voru starfandi árið 2008 voru 13 (þ.e. lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna, bankastarfsmanna ofl.) með deildir þar sem ábyrgð annarra var á skuldbindingum (þ.e. atvinnurekenda). Flestir þessara sjóða voru með "hlutfallskerfi" þ.e. lífeyrir er hlutfall af launum (eftirmanns regla). Árið 2008 voru þessir sjóðir eða deildir sjóða með 17,7% af eignum samtryggingadeilda. Samfara setningu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, þar sem starfsemi allra lífeyrissjóða var samræmd, urðu nokkrar breytingar á þessum sjóðum. Breytingin fólst í því að þeim eða eldri deildum þeirra var lokað fyrir nýjum félögum, en nýjar deildir stofnaðar (A-deildir). Í samtryggingarsjóðum er um fjórar tegundir að réttindaávinnslu kerfum að ræða: a. Stigakerfi: Iðgjöld eru umreiknuð í stig, óháð aldri sjóðfélagans. b. Hlutfallskerfi: Lífeyrir er hlutfall af launum. c. Aldursháð kerfi: Iðgjöld gefa mismunandi stig eftir aldri sjóðfélagans. d. Blandað kerfi: Blönduð ávinnsla aldurstengdra og jafnra réttinda.
Þriðja stoðin er ekki hluti af talnaefni en það er viðbótarlífeyrissparnaður sem er valfrjáls sparnaður þar sem launafólk hefur val á að greiða í af launum sínum og fær í staðinn mótframlag frá launagreiðanda. Viðbótarsparnaður er séreign sem erfist.

Lýsigögn

Hagstofa Íslands

3.5 Hagskýrslueining	Árlegar tölur um fjölda lífeyrisþega eftir greiðendum lífeyris án tvítalningar í desember ár hvert.
3.6 Þýði	Í tilfelli lífeyrisþega er miðað við 60 ára og eldri. Í tilfelli endurhæfinga- og örörkulífeyrisþegar er miðað við 18-66 ára. Um er að ræða heildartalningu fyrir þau aldursbil byggt á gögnum frá Tryggingastofnun og staðgreiðslugögnum.
3.7 Svæði	Ísland
3.8 Tímabil	2007-2018
3.9 Grunntímabil	Á ekki við
4. Mælieining	
4. Mælieining	Annars vegar er verið að birta fjölda lífeyrisþega eftir greiðendum og hins vegar hlutfall.
5. Viðmiðunartími	
5. Viðmiðunartími	Punktstaða í desember ár hvert.
6. Umboð	
6.1 Lög og reglugerðir	Lög um Hagstofu Íslands nr. 163/2007 Sjá einnig "Commission regulation (EC) No 10/2008" of 8 January 2008 implementing Regulation (EC) No 458/2007 No 458/2007 of the European Parliament and of the Council on the European system of integrated social protection statistics (ESSPROS).
7. Trúnaðarkvaðir	
7.1 Trúnaðarkvaðir - stefna	Sjá reglur Hagstofunnar um meðferð trúnaðargagna: https://hagstofa.is/media/43950/Reglur-um-me%C3%B0fer%C3%B0-tr%C3%BAna%C3%B0argagna.pdf

Lýsigögn

Hagstofa Íslands

7.2 Trúnaðarkvaðir – meðferð gagna	
8. Reglur um birtingar	
8.1 Birtingaráætlun	Birtingar eru settar inn á birtingaráætlun í samræmi við reglur Hagstofu Íslands.
8.2 Aðgengi að birtingaráætlun	Birtingaráætlun er aðgengileg inn á vef Hagstofu Íslands, sjá: https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/birtingaraaetlun/
8.3 Aðgengi fyrir notendur	Upplýsingar eru aðgengilegar á vef Hagstofu Íslands, sjá: https://www.hagstofa.is/talnaefni/samfelag/felagsmal/lifeyristhegar/
9. Tíðni birtinga	
9. Tíðni birtinga	Árlega
10. Aðgengileiki og skýrleiki	
10.1 Fréttatilkynningar	Fréttatilkynningar eru gefnar út eftir því sem tilefni gefst til
10.2 Útgáfur	Ekki er fyrirhugað að gefa út hagtíðindahefti
10.3 Gagnasöfn á netinu	Talnaefni birt árlega með uppfærslu veftaflna á vef Hagstofunnar
10.4 Aðgengi að örgögnum	Grunngögn eru varðveitt sem trúnaðarupplýsingar á Hagstofunni. Aðgangur að grunngögnum er bundin við þá starfsmenn Hagstofunnar sem vinna með gögnin. Sjá nánar á: https://hagstofa.is/thjonusta/
10.5 Annað	
10.6 Skjöl um aðferðafræði	Engin skjöl um aðferðafræði eru tiltæk
10.7 Skjöl um gæðamál	Engin skjöl um aðferðafræði eru tiltæk

Lýsigögn

Hagstofa Íslands

11. Gæðastjórnun	
11.1 Trygging gæða	Sjá meginreglur í hagskýrslugerð: https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=0c8d9584-87fd-4934-b8c6-8d9ec40ee881
11.2 Gæðamat	
12. Notagildi	
12.1 Þarfir notenda	Helstu notendur eru ráðuneyti, stofnanir, fjölmiðlar og almenningur.
12.2 Ánægja notenda	Ekki eru til upplýsingar um ánægju notenda
12.3 Heildstæðni	Tölum um fjölda lífeyrisþega er ætlað að gefa mynd af þessum hluta félagsverndar í landinu og til notkunar í alþjóðlegum samanburði
13. Nákvæmni og áreiðanleiki	
13.1 Nákvæmni	Nákvæmni byggir á þeim upplýsingum sem berast frá greiðendum staðgreiðsluskyldra greiðsla til Skattsins og Tryggingastofnunar um greiðsluþega.
13.2 Úrtaksvillur	Á ekki við.
13.3 Aðrar villur en úrtaksvillur (non-sampling errors)	
14. Tímanleiki og stundvísi	
14.1 Tímanleiki	Vinnsla gagna hefst rúmlega 10 mánuðum eftir að viðmiðunartímabili lýkur.
14.2 Stundvísi	

Lýsigögn

Hagstofa Íslands

15. Samræmi og samanburðarhæfni	
15.1 Samanburðarhæfni – landfræðileg	Á ekki við
15.2 Samanburðarhæfni – yfir tíma	Tölur eru samanburðarhæfar milli ára
15.3 Samræmi – milli efnissviða	
15.4 Samræmi – innan efnissviðs	
16. Kostnaður og svarbyrði	
16. Kostnaður og svarbyrði	
17. Endurskoðun hagtalna	
17.1 Endurskoðun hagtalna - stefna	Sjá stefnu Hagstofu Íslands um endurskoðun hagtalna: https://hagstofa.is/um-hagstofuna/stefnur-hagstofu-islands/stefna-hagstofu-islands-um-endurskodun-hagtalna/
17.2 Endurskoðun hagtalna - framkvæmd	
18. Úrvinnsla hagskýrslna	
18.1 Grunngögn	Gögn frá Tryggingastofnun taka til elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyri auk örorkustyrks. Um er að ræða ársgögn þar sem búið er að leiðrétta með tilliti til van- og ofgreiðslna. Staðgreiðslugögn byggja á upplýsingum frá Skattinum um uppgjör vegna staðgreiðslu af greiðslum samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Uppgjörið hefur verið auðgað með öðrum upplýsingum á Hagstofunni svo hægt sé að nýta það til hagskýrslugerðar. Mannfjöldagögn byggja á íbúaskrá Þjóðskrár Íslands
18.2 Tíðni gagnasöfnunar	Árleg frá Tryggingastofnun og í tilfelli skráargagna mánaðarleg, þ.e. staðgreiðslugögn og mannfjöldagögn

Lýsigögn

Hagstofa Íslands

18.3 Gagnasöfnun	Gögnin eru sótt gegnum örugga vefskilagátt.
18.4 Sannprófun	Staðgreiðslugögn eru sannprófuð mánaðarlega eða í kringum 20. hvers mánaðar fara gögnin í gegnum staðlaða gæðaprófun og þau gerð tilbúin til hagskýrslugerðar. Gögnin eru m.a. sannprófuð út frá samanburði milli tímabila og við önnur gagnasöfn. Gögn frá Tryggingastofnun eru sannprófuð árlega.
18.5 Gagnavinnsla	Gögnin eru unnin af sérfræðingum Hagstofunnar
18.6 Aðlögun	
19. Athugasemdir	
19. Athugasemdir	